

Mánudaginn 12. marz 1951.

Nr. 45/1950. **Hjalti Friðfinnsson og
Jónatan Davíðsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
**Páli Friðfinnssyni og
gagnsök** (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Heimt vinnulaun við húsbyggingu og andvirði efnis til hennar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1950, krefjast þess *aðallega*, að þeim verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 14.962.73, til vara kr. 22.417.27 og til *þrautavara* aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar. Þá krefjast þeir þess, að málskostnaður fyrir báðum dómum verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1950, krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða kr. 35.754.56 með 6% ársvöxtum frá 26. október 1945 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa aðaláfrýjendur véfengt tiltekna kröfu-liði gagnáfrýjanda fyrir efni og vinnu. Að vísu er bókhaldi gagnáfrýjanda varðandi suma af liðum þessum ábótavant, en hins vegar er ekkert fram komið, er bendi til þess, að gagnáfrýjandi hafi ofreiknað aðaláfrýjendum efni eða vinnu í sambandi við húsbyggingu þá, er í málinu greinir, umfram það, sem í héraðsdómi getur. Og þar sem fallast má á rök fyrir úrlausn héraðsdóms, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson, greiði gagnáfrýjanda, Páli Friðfinnssyni, kr. 6000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. apríl 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 31. f. m., hefur stefnandi, Páll Friðfinnsson byggingarmeistari, Munkaþverárstræti 42 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 23. febr. 1946, á hendur þeim Hjalta Friðfinnssyni iðnverkamanni og Jónatan Davíðssyni smið, báðum hér í bæ, og gerir kröfur til greiðslu eftirstöðva byggingarkostnaðar húss, er stefnandi hafði tekizt á hendur að byggja fyrir stefndu. Mál þetta var dæmt á bæjarþingi hér 10. júlí 1946, en með dómi Hæstaréttar 11. nóv. 1949 var bæjarþingsdómurinn ómerktur og málinu heimvísað, með því að talið var nauðsynlegt, að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð til þess að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Var málið síðan tekið upp að nýju þann 12. des. s.l. með þeim hætti, er Hæstiréttur hafði fyrir lagt.

Kröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða kr. 36.500.00, sem hann taldi eftirstöðvar af byggingarkostnaði framangreinds húss, enn fremur kr. 16.000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof auk 6% ársvaxta af báðum þessum upphæðum frá 26. okt. 1945 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómsins. Kröfum þessum hefur stefnandi breytt þannig, meðan á rekstri málsins stóð, að hann hefur alveg fallið frá kröfu um 16.000.00 kr. skaðabætur og lækkað kröfuna um greiðslu byggingarkostnaðar í kr. 35.899.56.

Stefndu gerðu fyrst kröfu um algera sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð, svo sem síðar verður greint, og um málskostnað úr hendi stefnanda. Í flutningi málsins féllu stefndu frá sýknukröfunni, en gerðu kröfu um, að krafa stefnanda verði færð niður um kr. 25.623.70. Tildrög máls þessa eru þau, að með samningi 11. apríl 1945 tók stefnandi að sér að byggja íbúðarhúsið nr. 12 við Helgamastrað stræti hér í bæ fyrir stefndu. Stefnandi, sem er byggingarmeistari, átti að veita byggingunni forstöðu, en var þó ekki sjálfur tímabundinn við hana, þannig að hann hafði heimild til að hafa fleiri en eina byggingu með höndum samtímis. Hann átti samkvæmt samningnum að útvega nauðsynlegan vinnukraft, annast bókhald og greiðslur og sjá um innkaup á efni til byggingarinnar. Fyrir þetta skyldi hann fá greiddar kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra í byggingunni, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún var, er samningurinn var gerður. Auk

þessa átti stefnandi að fá greiðslu fyrir hverja stund, er hann vann að byggingunni. Bygging hússins hófst skömmu eftir, að samningurinn var gerður.

Með bréfi, dags. 26. okt. 1945, sögðu stefndu stefnanda upp starfi sínu við byggingu hússins og kröfðu hann skilagreinar um það fé, er þeir höfðu greitt honum vegna byggingarinnar, ásamt yfirliti um skuldir, er hann hefði stofnað til út af byggingunni. Kváðust þeir vera óánægðir með ráðsmennsku hans og töldu, að bókhald hans væri skakkt og ruglingslegt, auk þess sem þeir kváðu byggingaraðferðir hans athugaverðar. Þegar þetta gerðist, var húsið fullsteypt og fokhelt. Það var byggt úr steinsteypu, tvær hæðir og kjallari. Var neðri hæð að mestu tilbúin til málningar og dúklögð. Ljós- og hitalagnir voru að mestu fullgerðar. Efri hæðin var óviðgerð að innan, og stóðu skilveggir hennar í mótum. Kjallarinn hafði verið einangraður og búið að draga net undir grófhúðun. Skólp og vatnslögn var og nærri fullgerð. Rúmmál hússins er 770 rúmmetrar.

Stefnandi mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 7. nóv. 1945, sem óréttmætri og áskildi sér rétt til skaðabóta út af henni. Hann höfðaði síðan mál þetta til þess að fá greitt fé, er stefndu áttu vangreitt af byggingarkostnaðinum, er honum var sagt upp. Samkvæmt reikningi stefnanda var heildarupphæð byggingarreiknings, er honum var sagt upp, kr. 116.230.88, en raunverulegur byggingarkostnaður nam kr. 114.937.70. Af upphæð þessari áttu stefndu ógreitt kr. 35.899.56, sem er stefnukrafan í málinu.

Stefndu sundurliða lækkunarkröfu sína þannig:

1. Ofreiknað efni	kr. 12.065.90
2. Ofreiknuð vinnulaun	— 6.000.00
3. Oftaldir bílareikningar	— 1.275.00
4. Umsjónarþóknun	— 6.082.80
5. Viðgerð á veggjum samkvæmt mati	— 200.00

Samtals kr. 25.623.70

Hver þessara liða um sig verður nú tekinn til meðferðar.

1. Ofreiknað efni.

Lækkunarkrafa þessi er í 16 atriðum. Í fyrsta lagi er mótmælt nótu um skornar glerrúður, kr. 164.50, 45 kg saum, kr. 112.50 og 1 rúllu filt á kr. 35.90, samtals kr. 313.90. Úttekt þessi fór fram í apríl 1945, í sama mánuði og bygging hússins hófst. Telja stefndu óhugsanlegt, að skornar rúður hafi verið keyptar um þetta leyti, og halda því fram, að stefnandi hafi hlotið að nota þær í einhverja aðra byggingu, er hann hafi þá haft með höndum, enda ber nótan ekki með sér, til hvaða húss efni hafi verið keypt. Þá telja stefndu, að filtið hafi ekki verið notað í þetta hús. Stefnandi gefur þá skýringu á þessu, að rúðurnar hafi verið settar í kjallara-gluggana, en smíði þeirra hafi hafizt um líkt leyti og húsbyggingin hófst. Af skjölum málsins sést, að gluggar voru keyptir 28. apríl 1945. Getur

skýring stefnanda á þessu því verið eðlileg. Á sama hátt eru og eðlileg innkaup á saum og filti, og þykja því mótmæli stefndu að þessu leyti ekki á rökum byggð.

Í öðru lagi mótmæla stefndu nótu um 1 rúllu filt, kr. 42.00, úttekna 28. sept. 1945. Dómendur hafa gengið úr skugga um, að filt hefur verið notað undir gólfduka á neðri hæð hússins, og þykir þessi mótbára því ekki hafa við rök að styðjast.

Þá krefjast stefndu í þriðja lagi lækkunar um kr. 107.00 vegna nótu yfir sement, sem lögð hefur verið fram og stefndu skuldaðir fyrir. Á nótu þessa hefur stefnandi skrifað „sjálfur“, sem virðist eiga að tákna það, að sement þetta hafi hann notað í eigin þarfir. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnanda, dskj. 126, bls. 5, er upphæð þessi færð stefndu til tekna og er því ekki innifalinn í stefnukröfunni. Krafa þessi hefur því ekki við rök að styðjast.

Í fjórða lagi mótmæla stefndu annarri sementsnótu, kr. 107.00, sökum þess að ólíklegt sé, að svo lítið sementsmagn hafi verið keypt í einu á þeim tíma, sem nótan var gefin út, sem stefndu telja vera í júlí, en á þeim tíma stóð yfir steypa hússins. Nóta þessi, sem er nr. 2085 á dskj. nr. 100, er gefin út 19. júní. Vinnubók stefnanda ber með sér, að þann dag hafi verið unnið 1 klst. við steypu. Þykja málsástæður stefndu að þessu leyti ekki með þeim hætti, að unnt sé að taka lækkunarkröfuna til greina.

Í fimmta lagi krefjast stefndu lækkunar um kr. 727.50, sökum þess að óeðlilega mikill krossviður sé talinn í efnisreikningum stefnanda, þ. e. 41 plata á kr. 1427.50. Dómendur hafa kynnt sér, að hurðir á fyrstu hæð eru sléttar með krossviði beggja megin, og telja eðlilegt, að þetta magn af krossviði hafi farið í þann hluta innréttingarinnar, sem stefnandi lét framkvæma. Verða mótmæli þessi því ekki tekin til greina.

Í sjötta lagi mótmæla stefndu að greiða andvirði hurða, kr. 746.00, sökum þess að stefnandi hafi neitað að láta þær af hendi þrátt fyrir framboðna greiðslu. Til vara er þess krafist, að til frádráttar kröfu stefnanda komi kr. 145.00 af þessum lið, sökum þess að stefndu hafi leyst eina hurð út og greitt þá upphæð fyrir. Af skjölum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi gefið stefndu kost á að afhenda hurðirnar sérstaklega gegn greiðslu á þeim, en stefndu höfðu þá keypt hurðir annars staðar, og varð ekki úr afhendingunni. Verður aðalkrafan því ekki tekin til greina. Stefndu staðhæfa, að þeir hafi fengið eina útihurð frá stefnanda og greitt hana með kr. 145.00. Stefndu hefur ekki mótmælt þessu nægilega, en kveðst halda, að hann hafi dregið hana frá reikningi sínum. Ekki verður séð af skjölum málsins, að svo hafi verið, og ber því að taka til greina til lækkunar þessa kröfu stefndu.

Í sjöunda lagi mótmæla stefndu reikningi frá stefnanda um timbur fyrir kr. 1319.20, sökum þess að ekki sé gerð nægileg grein fyrir, hvers konar timbur þetta hefur verið og til hverra nota. Af dómskjali 126, aðalreikningsbók stefnanda um bygginguna, sést, að timbur þetta er uppistöður fyrir kr. 570.00 og uppsláttarborð fyrir kr. 749.20. Dómendur hafa athugað timburmagn það, sem farið hefur í bygginguna, og komið að raun um, að

timburmagn það, sem stefndu er fært til skuldar, er ekki óeðlilega mikið. Þykja ekki nægileg rök til, að reikningur þessi verði véfengdur, og verður þessi lækkunarkrafa því ekki tekin til greina.

Í áttunda lagi mótmæla stefndu reikningi frá stefnanda um gluggaefni, að upphæð kr. 1173.00. Þar sem efnisframlag þetta er að öllu leyti eðlilegt, þykja ekki efni til að taka mótmæli þessi til greina. Til vara er þessum reikningi mótmælt á þeim grundvelli, að verð timbursins sé of hátt, miðað við annað timbur, sem keypt var til hússins. Reikningurinn ber með sér, að timbur þetta hefur verið vélunnið, enda staðhæfir stefnandi, að svo hafi verið. Ekki þykir sýnt fram á, að verðið hafi verið óhæfilega hátt, og verður krafa þessi því ekki tekin til greina.

Í níunda lagi krefjast stefndu þess, að til lækkunar komi kr. 75.00, sökum þess að tvær útiskrár, sem stefnandi reiknar á kr. 150.00, séu óhæfilega dýrar. Verð þetta þykir eftir atvikum sennilegt, og verða því mótmæli þessi ekki tekin til greina.

Í tíunda lagi mótmæla stefndu reikningi stefnanda um timbur, kr. 688.00. Timbur þetta voru karmtré, sem öruggt þykir, að hafi verið notuð í húsið, og eru mótmæli þessi því ekki á rökum byggð. Til vara mótmæla stefndu upphæð þessari sem of hárra um kr. 313.00, sökum þess að verð timbursins sé of hátt. Samkvæmt reikningi stefnanda hefur timbur þetta verið vélunnið. Stefnandi hefur og skýrt frá, að hann hafi orðið að sæta óhagstæðum innkaupum m. a. á timbri, til þess að byggingin stöðvaðist ekki, sökum þess að efnisskortur var um þessar mundir. Byggingameistarar, sem mætt hafa sem vitni í málinu, hafa og staðfest, að efnisskortur hafi verið á Akureyri um þessar mundir. Þykja því eftir atvikum ekki efni til að taka til greina varaþrófu stefndu um þetta..

Í ellefta lagi mótmæla stefndu reikningi yfir 80 pl. trétex á kr. 320.00, og til vara er reikningnum mótmælt sem of háum. Matsmenn, sem metið hafa húsið með hliðsjón af verði, er tíðkaðist á byggingartíma þess, hafa talið, að þetta magn af trétexi hafi farið í bygginguna og verðið á trétexinu sé eðlilegt. Þykja kröfur um lækkun af þessum sökum því ekki hafa við rök að styðjast.

Í tólfta lagi mótmæla stefndu reikningi yfir borðvið, að upphæð kr. 100.00, sem stefnandi hefur gefið út reikning fyrir og telur, að hann hafi keypt af tilgreindum manni. Á reikningi þessum er ekki tilgreint magn borðviðarins, og byggja stefndu mótmæli sín á því. Þar sem timburmagn það, sem skjöl málsins bera með sér, að keypt hefur verið til hússins, virðist vera hóflegt, þykja ekki næg efni til að taka lækkunarkröfu þessa til greina.

Í þrettánda lagi mótmæla stefndu kr. 1059.30, sem stefnandi hefur skuldað þá fyrir í reikningsyfirliti. Upphæð þessi er færð til leiðréttingar á efnisreikningi kr. 1070.00, sem stefndu eru færðar til skuldar annars staðar á kr. 10.70, og hafa mótmæli þessi því ekki við rök að styðjast.

Í fjórtánda lagi mótmæla stefndu ýmsum smáreikningum, er stefnandi hefur sjálfur gefið út, samtals kr. 638.00. Við athugun á reikningum þessum kemur í ljós, að allt hérgreint efni og kostnaður er nauðsynlegt í sam-

bandi við húsbyggingu og reikningarnir eðlilegir, og þykja mótmæli þessi því ekki á rökum byggð.

Í fimmtánda lagi krefjast stefndu lækkunar á kröfu stefnanda um kr. 4000.00 af eftirfarandi ástæðum. Stefndu halda því fram, að sökum þess að stefnandi lét ekki jafnóðum árita eða ritaði ekki sjálfur á efnisreikninga, til hvaða byggingar efni var tekið, muni þetta hafa ruglazt þannig, að efni sé fært stefndu til skuldar, sem notað var til annarra bygginga en húss þeirra. Til þess að öruggt megi teljast, að stefndu verði skaðlausir af þessu, er krafa þessi sett fram. Ekki þykir leitt í ljós, að stefnandi hafi skuldað stefndu fyrir vörum, sem ekki voru notaðar við bygginguna, og matsgerð dómkvaddra manna um kostnaðarverð hússins, er stefnandi hætti byggingu þess, bendir á, að svo hafi ekki verið. Verður krafa þessi því ekki tekin til greina.

Í sextánda lagi krefjast stefndu lækkunar á efnisreikningi um kr. 750.00 af eftirgreindum ástæðum. Dskj. 156 er bók með vinnulaunareikningum stefnanda o. fl. Á spjaldi bókar þessarar er skráð „járn frá Hmstr. 65 st. 9.m 8.mm., 50 st. do. 11.mm“. Stefndu telja, að þetta verði ekki skilið á annan veg en þann, að stefnandi hafi tekið þetta járn frá húsinu og notað til annarra þarfa. Stefndi mótmælir þessu eindregið og kveður járn þetta hafa gengið af við bygginguna og hafa verið við húsið, er hann hætti byggingu þess. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykir lækkunarkrafa þessi ekki nægilega rökstudd og verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu koma til frádráttar af liðnum „ofreiknað efni“ kr. 145.00.

2. Ofreiknuð vinnulaun.

Stefndu halda því fram, að vinnutímafærsla stefnanda hafi verið í megnasta ólagi. Stefndi hafi mætt óreglulega á vinnustað kvölds og morgna, hafi ekki haft úr og ruglað saman vinnustundatölu fyrir hin ýmsu verk, sem hann hafði með höndum. Stefndu telja sig lengst af hafa skrifað vinnustundir starfsmanna við bygginguna og sé ósamræmi milli vinnustundareiknings stefnanda og stefndu að jafnaði í óhag, en þó nokkrum sinnum þeim í hag. Stefndu hafa þó ekki lagt fram frumskýrslu sína um þetta, heldur aðeins vitnað í hana. Mótmæla þeir sérstaklega ýmsum vinnulaunafærslum, samtals kr. 1846.50, sem þeir telja ofreiknað í vinnuskýrslum stefnanda. Þá hafa stefndu auk þess sérstaklega mótmælt því, að stefndi hefur greitt syni sínum, 15 ára gömlum, fullt kaup síðari hluta af þeim tíma, sem hann vann við húsið, og krefjast frádráttar af þeim sökum um kr. 272.60. Að lokum krefjast stefndu frádráttar um kr. 3880.90, til þess líklegt megi teljast, að þeir sleppi skaðlausir af óreglu stefnanda í tímafærslum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að óregla um tímafærslu hafi átt sér stað. Hann heldur fram, að sér hafi verið heimilt að gjalda syni sínum verkamannataxtakaup, sökum þess að hann hafi verið orðinn vanur byggingarvinnu og hafi því verið búinn að ná fullum afköstum.

Af vinnuskýrslum þeim og bókum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, verður ráðið, að nokkur ruglingur hefur átt sér stað, og skýrslurnar eru ekki svo vel úr garði gerðar sem skyldi. Í ýmsum tilfellum hefur verið unnin eftirvinna, en í vinnuskýrslum er dagvinna talin þeim mun fleiri stundir, sem samsvarar hærra eftirvinnukaupi, og er misræmi milli vinnustundatölu stefnanda og stefndu oft af þessum sökum. Í ýmsum tilfellum öðrum verður og séð af skjölum málsins, að mótmælin hafa ekki við rök að styðjast, svo sem, að talið er í vinnubók, að unnið hafi verið á uppstigningardag, en ekki á laugardag í sömu viku, sem er auðsjáanlega daga-ruglingur í vinnubók. Enn fremur er tímum ruglað milli daga víða í eftirriti af vinnubókum, dskj. 137. Í öðrum tilfellum er um að ræða staðhæfingu móti staðhæfingu málsaðilja, hversu lengi hafi verið unnið tiltekna daga. Ekki er unnt að sanna fullkomlega, hvað rétt er í þessu efni, en ekki hefur verið vefengt, að vinnulaun þau, sem stefnandi færir stefndu til skuldar, hafi verið greidd. Þar eð dómkvaddir kunnáttumenn hafa metið húsið, miðað við kostnaðarverð á þeim tíma, er það var byggt, og niðurstaða þeirra um heildarverð hússins er mjög svipuð og stefnandi heldur fram, að verið hafi, bendir það til, að vinnukostnaður við húsið sé reiknaður hæfilega. Þar sem stefndu þykja ekki hafa rökstutt lækkunarkröfur sínar nægilega að þessu leyti, er ekki unnt að taka þær til greina að öðru leyti en því, sem gert verður í sambandi við umsjónarlaun stefnanda, eins og síðar greinir. Að því er snertir vinnulaunagreiðslu til sonar stefnanda, líta dómendur svo á, að heimilt hafi verið og eftir atvikum rétt að greiða honum venjulegt verkamannakaup, og verður lækkunarkrafa að því leyti heldur ekki tekin til greina.

3. Ofreiknaðir bílareikningar.

Stefndu mótmæla sérstaklega 250 króna reikningi um kostnað við að flytja mold úr húsgrunninum. Stefnandi hefur viðurkennt, að samkomulag hafi verið um, að svo væri fyrir séð, að verðmæti moldarinnar og flutningsgjald stæðist á. Hins vegar kveður stefnandi bifreiðina, er moldina flutti, stundum hafa orðið að biða vegna flutnings á efni úr grunninum og stundum vegna ills veðurs og sé framangreind upphæð gjald fyrir bifreiðina, meðan á töfum þessum stóð. Ekki þykir nægilega sýnt fram á, að tafir þessar hafi verið óhjákvæmilegar, og ber því samkvæmt kröfu stefndu að lækka stefnukröfunu um þessa upphæð.

Þá gera stefndu kröfu um frádrátt á stefnukröfunni um kr. 25.00 vegna reiknings fyrir flutning á kalki, sem þeir vefengja. Af skjölum málsins verður séð, að kalktunna var keypt 20. apríl 1945. Stefnandi kveðst hafa geymt tunnu þessa í verkstæði sínu á Gleráreyrum, þar til hún var sótt 13. sept. um haustið. Reikningur þessi þykir því eftir atvikum eðlilegur, og verða mótmæli gegn honum ekki tekin til greina.

Að lokum krefjast stefndu lækkunar á bifreiðakostnaði um kr. 1000.00 fyrir þá sök að bifreiðareikningar séu óeðlilega háir og líkur séu til, að þeir hafi verið skuldaðir fyrir akstri, er fór fram í þágu annarra bygginga. Á nokkrum þessara reikninga er þess ekki getið, í þágu hvaða bygginga ekið var. Með hliðsjón af verki því, sem stefnandi hafði með höndum

fyrir stefndu, þykja reikningar hans um bifreiðaakstur að öllu leyti eðli-legir, og verða mótmæli þessi því ekki tekin til greina.

4. Ofreiknuð umsjónarlaun.

Stefndu krefjast þess, að stefnukrafan verði lækkuð um kr. 6082.80, en það er sú upphæð, sem stefnandi reiknar sér í þóknun fyrir umsjón með byggingunni samkvæmt samningi, er í upphafi var gerður og að framan getur. Stefndu telja, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti til þóknunar fyrir þetta sökum óstjórnar og vanrækslu í starfi. Til vara krefjast stefndu þess, að upphæðin sæti frádrætti, sökum þess að stefnandi sá ekki um allt verkið, sem í upphafi var ráðgert.

Ekki þykir í ljós leitt, að stefnandi hafi vanrækt starf sitt svo, að efni sé til, að hann hafi fyrirgert rétti til nefndrar þóknunar að öllu leyti. Stefndu sögðu honum upp starfi, og var það þeirra sök, að hann lauk ekki verkinu. Hins vegar hefur stefnandi viðurkennt, að hann hafi reiknað sér tímakaup við tafir og snúninga í sambandi við útvegum á efni. Samkvæmt verksamningnum var honum þetta óheimilt. Með hliðsjón af 4. gr. samningsins þykir því mega lækka þóknunina um $\frac{1}{4}$ hluta, þ. e. kr. 1013.80 (í kr. 5069.00), af þessum sökum.

Enn fremur telur dómurinn, að bókhaldi stefnanda hafi verið það ábótavant, einkum að því er útborganir snertir, að þóknun fyrir það, sem reiknast kr. 1013.80, samkvæmt 4. gr. verksamningsins, megi lækka um helming, þ. e. kr. 506.90. Telst því umsjónarþóknunin í heild eiga að lækka um kr. 1520.70, í kr. 4562.10.

5. Viðgerð á veggjum.

Stefndu krefjast 200 króna lækkunar vegna viðgerða á veggjum, er reyndust gallaðir. Upphæð þessi er í samræmi við mat dómkvaddra manna á gallanum. Þykir krafa þessi á rökum byggð og verður tekin til greina til lækkunar.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, ber að lækka kröfu stefnanda um kr. 145.00, kr. 250.00, kr. 200.00 og kr. 1520.70, samtals kr. 2115.70.

Ber því stefndu að greiða stefnanda kr. 33.783.86 ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dóm þenna kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt með-dómendunum Ásgeiri Markússyni bæjarverkfræðingi og Guðmundi Gunnarssyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson, greiði stefnanda, Páli Friðfinnssyni, kr. 33.783.86 auk 6% ársvaxta frá 26. okt. 1945 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.